

Sp.

237. Tillaga

til þingsályktunar um byggingu landsspítalans.

Flutningsm.: Hjeðinn Valdimarsson, Jón Baldvinsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að nota heimild í lögum nr. 74, 28. nóv. 1919, um húsagerð ríkisins, á þann hátt að taka nægilega stórt lán til framhaldsbyggingar landsspítalans, ef þörf gerist til þess að byggingunni verði lokið svo fljótt, að spítalinn verði tekinn til afnota árið 1930.